

# ÚTHLUTUNARSKILMÁLAR ÍBÚÐALÓÐA TIL EINSTAKLINGA

## Heiðardalur, Miðdalur, Lyngdalur og Leirdalur

1. Hreppsnefnd hefur úthlutað Heiðardal, Miðdal, Lyngdal og Leirdal til Trésmiðju Snorra Hjaltasonar ehf. Samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við fyrirtækið hefur hreppsnefnd heimild til að úthluta ákveðnum fjölda lóða til einstaklinga.
2. Eftirfarandi kröfur eru gerðar til umsækjenda og/eða umsóknar:
  - Umsækjendur skulu vera fjárráða og ekki vera í fjárhagslegum vanskilum við sveitarfélagið.
  - Umsækjendur skulu leggja fram skriflega staðfestingu frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og möguleika á lánafyrirgreiðslu vegna fyrirhugaðrar húsbyggingar. Fyrir einbýlishús að lágmarki 15 milljónir
  - Umsækjandi og maki/sambúðaraðili hans teljast sem einn aðili
  - Hafi umsækjandi þegar fengið úthlutaðri lóð án þess að hafa hafið framkvæmdir kemur viðkomandi ekki til greina við úthlutun á nýjum lóðum.
3. Til þess að úthlutun öðlist gildi skal umsækandi greiða staðfestingargjald kr. 100.000,- . Gjaldið gengur síðan upp í gatnagerðagjöldin. Ef lóðarhafi skilar lóðinni er 50% gjaldsins afturkræft innan 6 mánaða frá úthlutun. Tilkynna skal lóðarhafa í abyrgðarbréfi eða með öðrum sambærilegum hætti að úthlutun sé fallin úr gildi.
4. Lóðarleigusamningur til 75 ára er gerður áður en byggingaleyfi er gefið út. Lóðarleiga er innheimt með fasteignagjöldum í byrjun hvers árs og er nú 1,4% af fasteignamati lóðar.
5. Við úthlutun íbúðalóða skal frestur lóðarhafa til að hefja framkvæmdir á lóðinni vera sex mánuðir frá því að gata er tilbúin, þ.e. þegar stofnkerfi lagna við viðkomandi lóð er tilbúin. Framkvæmdir teljast hafnar hafi sökkull undir byggingu verið steypdir. Framlenging á frestinum kemur því aðeins til greina að lóðarhafi sæki um slíkt áður en fresturinn rennur út og geti fært fram rök fyrir slíkri beiðni. Fresturinn framlengist þó aldrei lengur en í 3 mánuði. Innan 2ja ára frá úthlutun skal bygging vera fokheld, tilbúin að utan og lóð grófjöfnuð. Innan 3ja ára frá úthlutun skal bygging vera að fullu lokið ásamt frágenginni lóð.

6. Samkvæmt samningi sem gerður hefur verið við Trésmiðju Snorra Hjaltasonar ehf. ber fyrirtækið ábyrgð á því að skila svæðinu fullbúnu eigi en í lok janúar 2008. Í því fellst að götur, gangstéttar, lýsing, leiksvæði verði frágengið. Einnig kemur það í hlut fyrirtækisins að fylgja því eftir að úthlutunarskilmálum sé fylgt varðandi frágang lóða.
7. Áður en byggingarleyfi er gefið út skal greiða eða semja um gatnagerðagjöld. Hægt er að fá gjöldin lánuð á skuldabréfi með meðalvöxtum Seðlabanka Íslands, þar til hús er fokið og greiðist þá með einni greiðslu.

**Vogar, 4. janúar 2005.**  
**Jóhanna Reynisdóttir, sveitarstjóri.**